


# 2020

## Skýrsla formanns

Á aðalfundi 30 apríl á síðasta ári var ég kjörin formaður félagsins, síðan þá hef ég unnið að breytingu félagsliðanáminu uppá 3 hæfniprep einnig hef ég unnið að löggildingu starfsheitis.

Ég byrjaði tímabilið að óska eftir fundi með Drífu Snædal forseta ASÍ, við funduðum saman 16.maí á síðasta ári. Flosi þá ný ráðinn framkvæmdastjóri SGS mætti líka á fundinn. Drífa kom Flosa vel inní okkar mál, eftir fundinn var ákveðið að Flosi myndi óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra. Enn í dagur höfum við ekki fengið fundardag með heilbrigðisráðherra, en Flosi hefur ítrekað reglulega inn í ráðuneytið.



Á haustdögum var mér boðið að fara sem fulltrúi Eflingar á SGS þing, þar fékk ég að kynna mig og fagfélagið okkar fyrir formönnum stéttarfélaganna. Ég ákvað að ræða um að félagsliðar sé stór hópur af félagsmönnum þeirra og óskaði eftir góðri samvinnu með formönnum stéttarfélaganna og tóku þau vel í það.

Ég ákvað á haustdögum að kynna mér stöðuna á breytingu námsins, í ljós kom frá Þóru hjá Menntamálastofnun að þessi tillaga hafi verið sett í bið, ég hélt nú ekki það hana að taka mál félagsliðanámsins aftur upp og við myndum klára það mál sem fyrst,



sem gerðist, 28.apríl 2020 sendir Lilja Alfreðsdóttir tilkynningu um „*nám félagsliða verður því fært af 2.prepi íslensks hæfniramma um menntun yfir á 3.prep.*“

Við fögnum þessum fyrsta áfanga því þetta opnar leiðir okkur á marga vegu.

Efningablaðið hafði samband við mig síðasta haust og bað mig um að koma í viðtal og kynna félagið og störf okkar. Hægt er að lesa viðtalið í heild sinni inn á heimasíðu félagsins

Fræðsludagurinn er árlegur viðburður félagsliða og í þetta sinn var það haldinn á fosshótelu í Reykjavík þann 29.okt s.l og var vel mætt, Starfsgreinasambands Íslands styrkir okkur með þennan viðburð. Dagurinn er byggt upp á á fræðslu og einnig að efla okkur í starfi. Félagið skorar félagsliðana að mæta á fræðsludaginn.



Við í stjórn félagsins erum ótrúlega stolt af þeirri þróun að útbúa dagbók sem er sérhönnun fyrir tímaskráningu og því mjög hentugt til að skrá alla vinnutíma hjá sér. Dagbókin er send út ár hvert til allra virka félagsmanna.



Ég hef fundað með nokkrum formönnum stéttafélaganna og einnig haft samband símleiðis. Félagið lagði mikla áherslu að stéttafélögin myndi standa með okkur í því að námið verði metin til launa. Félagslíðastéttin er gríðalega mikilvæg innan velferða- og heilbrigðiskerfisins að það meigi alls ekki gleyma þessum glæsilega faghóp sem er stór partur

félagsmanna stéttafélagana um allt land. Ég mun halda þessari umræðu á loft við þau.

Félagsfundur var haldinn 20.feb 2020 og var vel mætt, við fengum Sonju formann BSRB og Flosa framkvæmdastjóra SGS að ræða hver staðan væri á kjarasamningum. Anna Lóa frá hamingjuhorninu kom og hélt fyrirlestur um hamingjuna í lífi og starfi.



Nú hefur verið skrifað undir kjarasamninga hjá mörgum félögum, hef ég ítrekað við þá, gerð stofnanasamningum verði lagt miklar áherslur á félagsliðana í þessum samningum.

Eftir nánast árs bið, að fá fund með heilbrigðisráðherra ákvað ég að taka þetta í mínar hendur. Ég hef skrifað bréf/löggildingarbréf til ráðherra og fékk stuðnings undirskriftir hjá bæði Drífu forseta ASÍ og Sonju formann BSRB. Með góðri samvinnu milli okkar þriggja koma ótrúlega öflugt bréf út sem við munum afhenda heilbrigðisráðherra þegar fundardagur er kominn einnig öll þau gögn sem þurfa að fylgja löggildingarferlinu. Ritari ráðherra hefur mótttekið umsókn félagsins um fund með ráðherra.

Nú bíðum við spennt eftir dagsetningu.

Félag íslenskra Félagsliða þakkar öllum þeim stéttafélögum sem hafa styrkt okkur á þessu tímabili, Þessir styrkir skipta okkur gríðalega miklu máli, félagið getur haldið áfram þeirri stefnu sem stefnt er að og einnig getur félagið veitt félagsmönnum sínum meiri gulrót.

Stjórn félagsins vonar að stuðningurinn geti haldið áfram.

Stöndum þétt saman og berjumst fyrir félagsliðum!